



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS  
*Alþingi*

*Erindi nr. P 128/1542*  
*komudagur 6.3.2003*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2003

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs mál 191.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunar-tillaga um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, mál 191, frá Iðnaðarnefnd Alþingis. Alþýðusambandið hefur farið yfir fyrrgreinda þingaályktunartillögu og hvetur til þess að hún verði samþykkt.


Tillagan felur í sér að ríkisstjórnin láti kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sem sambærilegum þeim sem eru í Evrópusambandsríkjunum og Noregi. Tilgangur sjóðanna verður að efla atvinnu, endurskipuleggja það og styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Alþýðusambandið telur að mikilvægt sé að efla starfsemi íslenskra fyrirtækja og skapa þeim rekstrarskilyrði sem hvetur þau til að hafa meginstarfsemi sína hér á landi. Mikilvægt er að bæta samkeppnishæfni fyrirtækjanna hér landi og að sjá til þess umgjörð atvinnulífsins sé á við það besta sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Forsenda aukins hagvaxtar og þess að Ísland haldi áfram að vera í hópi fremstu iðnríkja heims er sterk samkeppnisstaða atvinnulífsins. Íslensk fyrirtæki búa að ýmsu leyti við erfiðari rekstrarskilyrði en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarins, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum og þar með meiri flutningskostnaðar. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífinu starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

Enginn vafi er á að stofnstyrkir af þessu tagi munu örva atvinnulífið og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu þess og renna þannig traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf.

Alþýðusambandið lét þá skoðun sína í ljós í umsögn með frumvarpi til laga um tekju- og eignaskatt í nóvember 2001, að hægt sé að ná meiri árangri í að efla íslenskt atvinnulíf með því að veita stofnstyrki til fyrirtækja en með almennri aðgerð eins og lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja.

Virðingarfyllst ,

  
Ingunn S. Þorsteinsdóttir  
Hagdeild ASÍ.